

2. Ólafur Gíslason frá Grimsby.

1 blað (renningur) og tvær dánar-
tilkynningar.

Samilega hefir margi góða og góðfuga þesti verið hér að
gandi í sumas mæðan háfða höllin þín fram, er almann-
rígur hefir elski vitad mun að vora hér. Eins slíks manns
var Mr. Ólafur Þórtason frá Grimsby, ættinn frá Siglufvði í
Randeyjum, en sem hefir nú síðustu 31 ár dvalið í Englandi og
verið búsettur þar alla líf síðan hann fór hédan. Áður en hann
fór þá en áður stundadi hann hér barnakennu og jó-
mannustu. Hann stundadi hann mun eitt stund. Þessuorðarasta.

Það sem sévstaklega er einhverjulegt við þessum manni er það,
að þrátt fyrir fátækt og misjöfnu og stundum erfis tíð, hefir
hann af eigin framleiðingum aflað sér svo mikið illar tilmála
í griöku og latínu, að hann mun standa gæsum "lærdum"
mönnum í afvæðing í því efni. Orðsáttin til þess, að hann fór,
jafnframt því sem hann ávallt hefir stundað almenna
erfðis vinnu - og einn og lengri tími verið verk í fjór-
við eitt af stórum fyrirtækjum í Grimsby - var sú, að
hann er trúmáður mikill og vildi með eigin augum "hannsa-
ritningum", sévstaklega Nýja Testamentið og samspætt af ölfur
mun gildi þess fyrir trú sína og áminna og segist hann þess af-
hafa orðið fyrir óvörðunum. Ólafur Þórtason dáið mig að fjór-
ingum sévstak. sál. Níllssonar á biblíunni og þó hann þess.
Hann elski, telur hann Har. sál. eins hinni mestu og bestu
hanninnu sem íslenska kirkjun hefir átt og mun þó Ólafur
alls elski þessa gefis sig neitt við spírítuana, þá dulsonum efnum
sem voru, eins og hvernig er, ein af aðal áhrifum á matun sr. H. sál. H.

Ólafur er vildsinnur mig og skáld gott og hefir orðið fjórda
fegursta sálma er lifir þessa í eittum bláum og síu áttum.
Þessi honum, sem eitt er, mikill vægning hér á orðin míni á hinni
30 árum og þingvalla háfðin hefir hann mig og, enda hefir
hann þar aldrei fyrri komið. Ólafur er söngvinnu máður vel
og dáið mig að söngnum í þingvöllum, sévstaklega þingvalla
hósinu og háfðasönglari Páls Frólfssonar, sem hann
hvað þingvalla mörg hrosa sér af hvaró hinni sem vori.
Ólafur hefir fjórda ætlinga áttur í sveitum og nargavinnu
hér syðra, en búið honum hingað hinni og sem sá, er þessi
vitar, á að flytja hringheitar hvarjann og þessu til fjóra og þessu

viðtöku og fjórðingvalla og öllum öðrum.

27's bds. 118

Charlotte

In Loving Memory
of
Olafur,

The dearly beloved husband of

Alice Gislason, d. 23. Dec. 1940
82 yrs

Who passed peacefully away,

April 2nd, 1938,

Aged 70 years.

—

Service, Arlington Methodist Church,

Wednesday, April 6th, 3 p.m.

Interment Scartho Road Cemetery 3-45 p.m.

—



In Loving Memory

OF

ALICE

the dearly beloved wife of the late

OLAFUR GISLASON

Died December 23rd, 1940

Aged 82 Years.

Service Arlington Methodist Church

December 28th, at 10-30 a.m.

Interment Scartho Road Cemetery.

49 GUILDFORD STREET,
GRIMSBY.

Minning Ólafs Gíslasonar

Eftir Jón Pálsson

Harmafregn sú, er hingað barst s. l. vetur, að andast hafi Ólafur Gíslason í Grimsby, veit jeg að snortið hafi hugi fjölmargra Íslendinga og vakið hjá þeim söknuð mikinn.

Ólafur Gíslason var fæddur að Sigluvík í Landeyjum 11. apríl 1867. Foreldrar hans voru þau hjónin Gísli Eyjólfsson bóndi að Sigluvík og Guðrún Ólafsdóttir ljósmóðir frá Gíslaholti. Ólafur hafði dvalið í Englandi um 40 ára skeið, og lengst af í Grimsby, við ýmis störf, og hin síðari árin sem umsjónarmaður við iðnfyrirtæki mikið þar í bænum, en var nú að mestu látinn af því starfi fyrir aldurs-sakir, og þó eigi að fullu fyr en um síðastliðin áramót, en oft mun hans þó hafa verið leitað, þá er sjúkdómur eða önnur forföll hindruðu aðra frá því að gegna störfum þeim, er hann hafði áður á hendi, enda naut hann jafnan óskoraðs trausts og hylli allra þeirra, er honum kyntust.

Nokkru fyrir aldamótin, 1893 lauk Ólafur búfræðinámi á Hvanneyri, en gerðist áður sjómaður á Suðurnesjum og í Þorlákshöfn.

Eftir að hann fluttist til Englands (1899) aflaði hann sjer óvenjulega mikillar mentunar. Sökum trúhneigðar sinnar lagði hann mikla stund á að læra gríska tungu, og tókst það svo vel af eigin rammleik, að hann las hana sjer til fullra nytja, enda var hann fluggáfaður og fjöllesinn á ýms fræði, en auk þess kunni hann Norðurlandamálin og var sæmilega að sjer í frönsku, ítölsku og latínu, þótt aldrei fengi hann einu ar stundar tilsögn í þeim. Hann var sönghneigður mjög, ljek furðu vel á fiðlu og harmoníum og frum samdi nokkur sálmalög, sem þó eigi hafa verið prentuð nje orðið almenningi kunn, þótt vel hefði svo mátt vera. Auk þessa var hann ágætur hagræðingur á íslenska tungu og engu síður á ensku, enda orkti hann fjölda andlegra kvæða og sálma á þeim málum báðum; hann var heittrúaður maður, en þó frjálslýndur í þeim efnum sem öðrum. Mörg kvæði hans og sálmar hafa birst í blöðum og tímaritum hjér heima og enn fleiri erlendis.

Það, sem sjerstaklega einkendi þennan stórgáfaða gæðamann var hógværd hans og stilling í orðum



Ólafur Gíslason.

og allri breytni, óbilandi trúartraust og staðfesta í öllu því, er hann hafði einhver afskifti af. Bindindismaður mun hann hafa verið alla æfi og hinn ákjósanlegasti fjelagi og fylgismaður hvers konar góðs málefns. Hvar sem hann fann hið góða og göfuga birtast í hinni sönnu mynd mannúðar og kærleika, átti Ólafur heima, en hvergi annarsstaðar, enda var hann gæfumaður og glaðsinnaður alla æfi, en svo staðfastur og stiltur, að hann átti fáa menn sjer líka í því sem öðru, er mann má prýða.

Ólafur var kvæntur enskri konu, hinu mesta valkvendi og var hún áður ekkja tveggja þarlandra manna. Hún átti nokkur börn með fyrri mönnum sínum, en eigi eignuðust þau Ólafur og hún neitt afkvæmi. Hjónaband þeirra var hið ástríkasta og heimili þeirra svo alkunnugt meðal íslenskra farmanna, námsmanna og meyja, að óhætt mun mega fullyrða, að fáir hafi þeir svo til Englands komið, að eigi hafi þeir leitað uppi heimili þeirra hjóna og dvalið þar lengri eða skemri tíma og notið þar alls hins besta, er þau höfðu ráð á að veita þeim. Heimili þetta stóð öllum opið, en einkum þó hinum mörgu unglingum, er í hyggju höfðu að setjast að þar í landi og eigi töldu sig svo vel færa í málinu, að þeir treystu sjer til að ganga þar í vist eða skóla. Dvöldu margir þeirra því oft og einatt langdvölum hjá þeim Ólafi og konu hans, uns þeir voru svo færir í enskunni, að þeir gæti stund að frekara nám eða gengið í vist. Hjálpsæmin var ávalt svo einlæg og óeigingjörn, að sjerhver sá, er hennar naut, fann og skildi, að hún var eins og af bestu foreldrum veitt, jafnvel þótt engin kynni hefði þeir haft af þeim áður. Hinsvegar veit jeg, að þeir muni fáir vera, og sennilega enginn, sem hjá þeim dvöldu og kenslunnar nutu, hafi notfært sjer eðallyndi og góðsemi þeirra hjóna, án þess að sýna þeim margvíslegan og verðugan vott vináttu sinnar og þakklætis, því þeir vissu, að þau gerðu ávalt betur og meira fyrir hvern og einn en efni stóðu til. Þessum mönnum öllum og hinum mörgu vinum þeirra hjóna og ættingjum Ólafs hjér heima, er því mikill sjónarsviftir við fráfall hans.


Ólafur Gíslason dvaldi hjér um þriggja vikna skeið þjóðhátíðarárið 1930; sást þá best hver ítök hann átti í hugum margra manna hjér í bænum, enda kom hann hingað þá í boði nokkurra þeirra. Ferð þessi var Ólafi ánægjuleg mjög og ógleymanleg, en sökum þess, hve viðstaðan var stutt, gafst honum eigi nægur tími til að finna aðra austanfjalls en systkini sín, sem mæltu sjer mót, öll á einum stað, hjá Kristínu systur hans og manni hennar, að Hvammi í Ölvesi.

Fyrstu kynni mín af Ólafi voru þau, að hann var sendur til mín 1888, til að læra á hljóðfæri, og hjeldum við uppi stöðugum brjefa viðskiftum jafnan síðan og oft á ári. Brjef hans öll voru lærdómsrík mjög, og geymi jeg þau öll, sem helgidóm þann, er jeg eigi þykist mega missa.

Ólafur þráði Ísland mjög alla æfi og óskaði þess, að honum mætti auðnast að sjá land sitt og þjóð einu sinni enn, áður en hann dæi; hann gerði jafnvel ráð fyrir því í síðasta brjefi sínu til mín, dags. 4. janúar þ. árs, að koma hingað í sumar, en taldi þó, að heilsufar konu sinnar, sem nú er komin yfir áttætt, mundi hamla því, en nú var það dauðinn, sem varð á leið hans fyr en varði, mjer og mörgum öðrum að óvöru.

Blessuð sje minning þessa mæta og megingóða vinar míns og margra annara Íslendinga.

Jón Pálsson.



M.S. Dronning Alexandrine

fer mánudaginn 4. þ. m. kl. 6 síðd. til Akureyrar um Ísafjörð og Siglufjörð.

Farþegar saki farseöla fyrir hádegi í dag.

Fylgibrjef yfir vörur komi fyrir hádegi í dag.

Skipaafgr. Jes Zimseu

Tryggvagötu. — Sími 3025.

Hvort heldur er um „Karikatur“-teikningar Stróbls að ræða eða aðrar myndir, geta allir verið sammála um að innrömmunin er best og ódýrust hjá

GUÐM. ASBJÖRNSSYNI,
Laugaveg 1.

ING eykjavíkur.

eykjavíkur, sem ekki hafa ygt sjer þau hlunnindi, sem gjald en aðrir samlagsmeðlimryggingar og samþykkt stjórn-

trygt sig í samlaginu sam-
a undanþegnir biðtíma, þ. e.

STJÓRNIN.